

Nr. 814

30. september 2009

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 3, 6. janúar 2009, um stjórn veiða íslenskra skipa
úr norsk-íslenska síldarstofnинum árið 2009.**

1. gr.

Lokamálgrein 3. gr. orðist svo:

Við veiðarnar skal makrílafla ekki fara yfir 20% af heildarafla hvers skips fyrir tímabilið 9. júlí til og með 30. september 2009. Á tímabilinu frá 1. október til og með 31. desember 2009 skal makrílafla ekki fara yfir 4% af heildarafla hvers skips. Heimilt er að flytja meðaflaheimild milli skipa.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 30. september 2009.

F. h. r.

Steinar Ingi Matthíasson.

Kristján Freyr Helgason.

B-deild – Útgáfud.: 1. október 2009